101 *Styrktarsjóður fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað 1890.*

Tekjur:	Kr. a.	Kr. a.
1. Eign 1. jan. 1890:		
a. Jörðin Einarsstaðir með Pjetursborg	2000 00	
b. Peningar	100 55	2100 55
2. Jarðarafgjöld:		
a. Landskuldir í fardögum 1890:		
1. 12 sauðir veturgamlir eptir verðlagsskrá $18^{90}/_{91}$ á $10{,}49^{1}/_{2}$	125 94	
2. 40 pör tvinnabandsgjaldsokka eptir sömu verðlagsskrá á 0,49	19 60	
b. Leigur haustið 1890:		
80 pd. smjörs eptir sömu verðlagsskrá á $0{,}48^{1}/_{2}$	38 80	184 38
3. Í gjafahirzlunni fundust		18 36
4. Til jafnaðar færist gjaldl. 3.		140 00
		2443 25

Gjöld:		
1. Styrkur veittur 14 ekkjum		130 00
2. Aðgerð á gjafahirzlunni		32 58
3. Fyrir sparisjóðsbók		0 25
4. Lagt í sparisjóð á Akureyri		140 00
5. Eign við árslok 1890:		
a. Jörðin Einarsstaðir með Pjetursborg	2000 00	
b. Í sparisjóði	140 00	
c. Í peningum	0 42	2140 42
		2143 25

102 *Amtsbókasafn norður- og austuramtsins 1890.*

Tekjur:	Kr. a.
1. Í sjóði frá f. á.	154 20
2. Styrkur úr landssjóði	200 00
3. —— — jafnaðarsjóði	200 02
4. Tillög frá notendum safnsins	58 00
5. Aðrar tekjur	2 50
	614 72

Gjöld:	
1. Fyrir bækur	329 21
2. —— bókband	20 30
3. —— bókasafnsstofuna (5. afborgun)	100 00
4. Bókavarðarlaun	50 00
Flyt:	499 51

	Kr. a.
Flutt:	499 51
5. Annar kostnaður	25 16
6. Eptirstöðvar til næsta árs	90 05
	614 72

102

Íslands norður- og austuramt. Akureyri 3. júní 1891.
J. Havsteen.

Reglugjörð

103

30. júlí

fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði og fl.

I. Kafli um afrjett og upprekstur.

1. grein.

Hreppsnefnd hvers þess hrepps, er afrjett á, skal annast um, að geldur fjenaður (hross, naut og sauðfje) sje rekinn til afrjetta á þeim tíma, sem hentast er, eptir árferði og öðrum kringumstæðum. Hreppsnefnd hvers þess hrepps, sem engan afrjett á, skal ef unnt er, og hún álítur þess þörf, útvega hreppsbúum sumarhaglendi fyrir geldfjenað þeirra móti hæfilegu endurgjaldi úr hreppssjóði. Skulu þeir fjáreigendur skyldir til að reka fjenað sinn á hið fengna haglendi, sem að áliti hreppsnefndarinnar ekki hafa nægilegt haglendi fyrir fjenaðinn heima.

2. grein.

Nú eru fráfærulömb rekinn til fjalls, afrjettar- eða leigulands, þá skulu þau setin þar að minnsta kosti einn sólarhring.

3. grein.

Nú gengur fjenaður af afrjetti svo mjög, að hreppsnefnd álítur heimalöndum hreppsbúa sinna of-íþyngt, annast hún þá um, að afrjettarfjenaðinum sje smalað og rekinn til afrjettar á kostnað sveitarsjóðs.

4. grein.

Eigi má ónáða fjenað þann, sem í afrjetti eða fjalli á að vera, fyrir fjallskil, nema landeigandi og hlutaðeigandi hreppsnefnd leyfi.

II. Kafli um fjallskil.

5. grein.

Allir þeir, sem hafa jörð til ábúðar, sem metin er til dýrleika, skulu skyldir að smala heimaland sitt til rjetta. Þeir, sem hafa 6 kindur fullorðnar eða fleiri til eignar eða umráða, skulu skyldir að smala fjall-lönd og afrjetti eptir fyrirskipun hlutaðeigandi hreppsnefndar. Þeir, sem hafa 30 kindur fullorðnar eða fleiri til eignar eða umráða, skulu skyldir eptir boði hlutaðeigandi hreppsnefndar að senda mann í utanhrepps-rjettir.

6. grein.

Hreppsnefndin boðar með fjallgangnaseðli 3 vikum fyrir fyrstu fjallgöngur, hvernig göngum skuli hagað, og hverjir fara skuli í utansveitarrjettir. Nú hefir hrepps-